

**Hverfisnefnd Naustahverfis**  
**65. fundur, 17. feb. 2015**

**Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30**

**Mættir:** Gunnar Valur Eypórsson, Greta Huld Mellado, Anna Steinunn Þengilsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

**1. Umhverfisátak síðasta árs.**

Peningar vegna umhverfisátaks bæjarins síðan á síðasta ári fóru meðal annars í tvö skilti sem verða sett upp við innkeyrslur í hverfið og í framkvæmdir við Lómatúnsvöllinn. Ýmislegt annað er á framkvæmdalista sem á að vera komið eða er í vinnslu.

**2. Tillögur að framkvæmdum vegna umhverfisátak 2015.**

Á árinu 2015 fær hverfið 2. miljónir króna í framkvæmdir vegna umhverfisátaks og þarf nefndin að skila inn tillögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið til framkvæmdaráðs fyrir 6. mars n.k. Nefndarmenn ræddu fram og tilbaka um ýmsar tillögur að framkvæmdum og setti þær niður á blað. Tillögurnar verða endanlegar ákveðnar eftir að búið verður að fara yfir hjá framkvæmdaráði með formanni nefndarinnar um það hvað nákvæmlega mun rúmast innan þess sem er á framkvæmdalista fyrir síðustu ár.

**3. Framkvæmdir á Kjarnagötu.**

Nefndin ræddi um þær framkvæmdir sem á að fara í við Kjarnagötu. Þar er hlykkur á götunni sem samkvæmt deiliskipulagi á að lagfæra. Vísaði er í 5.lið í aðalfundargerð 63.fundur þann 22.10.2015 þar sem bent er á að ekki sé unnt að fara í þessar framkvæmdir fyrr en búið væri að taka grunna að húsum við Jaðarstún. Einnig kom fram að talað var um á aðalfundinum að þessar framkvæmdir yrði að gera um leið og og grunnarnir yrðu teknir því að öðrum kosti myndi allt síga, þetta kemur ekki skýrt fram í fundargerð nefndarinnar, en þrátt fyrir það þá eru grunnarnir löngu teknir og byggingar komnar langt á veg og en ekkert bólar á framkvæmdum við götuna.

**4. Þrif á götum og gangstéttum.**

Rætt var um að skora á framkvæmdaráð að það láti sitja fyrir í vorverkum sínum að sópa götur og gangstéttar í kringum Naustaskóla og Naustatjörn sem fyrst á vorin vegna mikillar loftmengunar af völdum ryks. Getið er um dæmi að börn gangi í gegnum ryk- og mengunarský á leið sinni í skóla/leikskóla. Áður hefur verið fjallað um þetta hjá nefndinni og er vísað í lið 1 í fundargerð 58. fundar þann 28. apríl 2014.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 21:30